

Alþingi
Erindi nr. P 128/1070
komudagur 11.3.2003

 Landsbankinn

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Sendandi: Landsbanki Íslands, greiningardeild
7. mars 2003

Mál 576

Tillaga til þingsályktunar um vaxtabætur vegna affalla húsbréfa

Umsögn:


Almennt telur greiningardeild að því einfaldari reglur varðandi lántöku einstaklinga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði því auðveldara er fyrir markaðsaðila að meta framboð og eftirspurn húsbréfa. Einfaldar reglur leiða því til hagkvæmari vaxtamyndunar sem skilar sér til lengri tíma litið í ódýrari fjármögnun vegna húsnæðiskaupa.

Allar kerfislægar breytingar geta valdið bjögum á framboði eða eftirspurn sem síðan kemur fram í verðlagningu húsbréfa og gæti skekkt vaxtamyndun á markaði.

Þá má benda á að ef afföll af húsbréfum teljast til stofns vaxtabóta gæti það virkað hvetjandi til aukinnar lántöku þegar afföll eru há. Slíkt ástand myndi kalla á aukna útgáfu húsbréfa, sem gæti leitt til aukins framboðs. Aukið framboð á markaði myndi valda lægra verði á markaði og þar með viðhalda háum afföllum.

Greiningardeild setur sig ekki á móti skipun starfshóps til að skoða reglur um greiðslu vaxtabóta, en varar við því af ofangreindri ástæðu að hærra hlutfall affalla af húsbréfum reiknist til vaxtabóta.

Virðingarfyllst,


Ársæll Valfells, deildarstjóri